



Reykjanesbær, 20. ágúst 2026

Efni: Framhald samstarfsins, Öruggeri Suðurnes

Lögreglustjórnin á Suðurnesjum, Sveitarfélagið Vogar, Reykjanesbær, Suðurnesjabær, Grindavíkurbær, Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Fjölbautaskóli Suðurnesja, Keilir Háskólabrú, Sýslumaðurinn á Suðurnesjum og þolendamiðstöðin Suðurhlíð hafa á annað ár unnið saman gegn ofbeldi og öðrum afbrotum með sameiginlegum markmiðum og aðgerðum, sem byggðar eru á svæðisbundnum aðstæðum á Suðurnesjum. Samstarfsvettvangurinn kláraði sitt annað starfsár nú í vor og eru þetta helstu verkefni sem við höfum komið að í vetur með einum eða öðrum hætti.

Samstarfssamningur var undirritaður vegna forvarnaverkefnisins „Ábyrg saman“ í Suðurnesjabæ og sveitarfélaginu Vogum. Tilgangur samstarfsins er að draga úr áhættuhegðun ungmenna og bregðast strax við vanda barns. Um árábil hefur verið samskonar samstarf á milli lögreglu og Reykjanesbæjar. Aukið samstarf hefur verið milli annars vegar Reykjanesbæjar og sýslumanns og hins vegar lögreglu og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja vegna einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Öruggeri Suðurnes hefur stutt við að koma á laggirnar úrræðinu Hjálpi48 sem er verkefni á vegum Sorgarmiðstöðvarinnar. Markmið þessa verkefnis er að grípa aðstandendur eftir skyndilegan og ótímabæran ástvinamissi og veita þeim viðeigandi stuðning og eftirfylgd. Vonandi mun sú vinna klárast með haustinu.

Þann 22. janúar s.l. fór fram fræðsla á vegum öldrunar- og stuðningsþjónustu Reykjanesbæjar og Félags eldri borgara á Suðurnesjum um ofbeldi gagnvart eldra fólki. Fræðslan var haldin í þjónustumiðstöðinni á Nesvöllum og var býsna vel sótt. Okkar samstarfshópur átti góða fulltrúa á fræðslufundinum. Erindinu var gerð góð skil hjá Víkurfréttum.

Þann 4. mars s.l. var haldinn landssamráðsfundur gegn ofbeldi á vegum félags- og húsnæðismálaráðuneytisins og ríkislögreglustjóra. Fundurinn var öllum opin og var einnig í beinu streymi. Fulltrúar frá Öruggeri Suðurnes skipulögðu eina vinnustofuna sem fjallaði um ofbeldi og eldra fólk. Farið var vítt yfir sviðið en fulltrúar samstarfsins fjölluðu m.a. um heimilisofbeldi og eldra fólk, heilsuvernd eldri borgara, birtingarmyndir ofbeldis gegn eldra fólki, stjórn á fjármálum og framtíðarskipulagi og þjónustu við eldra fólk. Meðlimir félags eldri borgara í Grindavík og frá öldungaráði Reykjanesbæjar komu á framfæri sjónarmiðum eldri borgara og svöruðu völdum spurningum um þetta falda mein sem ofbeldi gegn öldruðum er. Um var að ræða mjög vel heppnaða vinnustofu sem mun vonandi skila sér í bættri þjónustu stofnanna við aldraða og meiri vitundarvakningu um ofbeldi gegn öldruðum.

Á fyrra ári samstarfsins var unnið að stofnun Suðurhlíðar.

Eftirfarandi einstaklingar auk undirritaðrar voru fulltrúar ofangreindra eininga í samstarfinu:

Ásdís Ármannsdóttir, Sýslumaðurinn

Ásdís M. Grétarsdóttir, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Bjarney Annelsdóttir, Lögreglan á Suðurnesjum



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekustigur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200, sudurnes@logreglan.is

Elínborg Ingvarsdóttir Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Hafþór Birgisson, Reykjanesbæ

Hilma H. Sigurðardóttir, Reykjanesbæ

Hjördís Eva Þórðardóttir, Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum

Hólmfríður Árnadóttir, Vogar

Inga Dóra Jónsdóttir, Suðurhlíð

Jóhanna María Ævarsdóttir, Suðurnesjabæ

Regína Hrönn Sigurðardóttir, Grindavíkurbæ

Rut Sigurðardóttir, Lögreglan á Suðurnesjum

Sigrún Harpa Bjarnadóttir, Sýslumaðurinn

Unnur Ýr Kristinsdóttir, Suðurnesjabæ

Þóra Kristín Snjólfsdóttir, Keilir

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur farið fyrir þessu samstarfi og vil ég fyrir okkar hönd þakka kærlega fyrir samstarfið. Það hafa verið forréttindi að fá að fara fyrir svona öflugum hópi fólks, sveitarfélaga og stofnanna sem hafa verið frumkvöðlar á landsvísu og þótt víðar væri leitað að sinna verkefnum til að bæta samfélagið á Suðurnesjum á einn eða annan hátt. Gildistími samstarfsins Öruggeri Suðurnes var til loka kjörtímabils sveitarstjórna á þessu ári og samstarfið þarf því að endurskoða í haust. Á síðasta fundi okkar í maí var mikill vilji meðal samstarfsaðila að halda samstarfinu áfram og halda áfram að vinna að mikilvægum umbótaverkefnum samfélaginu til handa.

Samráðsfundir hafa farið fram fyrsta fimmtudag í mánuði frá september til maí. Mikilvægt er að þeir sem sinna samstarfinu fyrir hönd sinnar einingar hafi brennandi áhuga, umboð og svigrúm til að leggja fram krafta sína ef framhald verður á.

Vinsamlegast er óskað eftir tilnefningum fyrir hönd ykkar einingar fyrir 1. september nk.. Tilnefningar má senda á sudurnes@logreglan.is

f.h. samráðsvettvangsins Öruggeri Suðurnes,

María Pálsdóttir, lögreglufulltrúi